

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Lindargata 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. febrúar 2016 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 11 við Lindargötu. Í breytingunni felst að hækka húsið um u.þ.b. 1 metra, byggja viðbyggingu á norðurhlíð hússins þar sem komið verður fyrir lyftu- og stigahúsi og breyta notkun hússins úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili í flokki IV. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ármúli 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 4. mars 2016 breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna lóðarinnar nr. 5 við Ármúla. Í breytingunni felst stækkun á austurhluta byggingarreitar lóðarinnar til að koma fyrir öryggisstiga á austurgafli norðurálmú í matshluta 1. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 15. mars 2016.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2016